



Staðardagskrá  
fyrir Siglufjörð

**21**

---

# Framtíðarsýn Siglfirðinga

---

Staðardagskrá 21 fyrir Siglufjörð

---

Drög að -1.útgáfu

---

Vor 2006

---



## Efnisyfirlit

|  |           |
|--|-----------|
| <b>INNGANGUR .....</b>                           | <b>3</b>  |
| <b>1. EFNAHAGUR; ATVINNU- OG BYGGÐAMÁL .....</b> | <b>5</b>  |
| 1.1. Atvinnumál.....                             | 5         |
| <b>LEIÐIR .....</b>                              | <b>6</b>  |
| <b>SAMGÖNGUR .....</b>                           | <b>7</b>  |
| <b>2. VISTKERFI; UMGENGNI UM AUÐLINDIR .....</b> | <b>8</b>  |
| 2.1. Orku- og vatnsnotkun .....                  | 10        |
| <b>LEIÐIR .....</b>                              | <b>10</b> |
| 2.2. Fráveitur.....                              | 11        |
| 2.3. Sorp.....                                   | 12        |
| 2.4. Efnanotkun og vörukaup.....                 | 14        |
| 2.5. Umgengni .....                              | 14        |
| <b>3. SAMFÉLAG; SAMFÉLAGSVITUND .....</b>        | <b>15</b> |
| 3.1. Gott samfélag .....                         | 16        |
| <b>LEIÐIR .....</b>                              | <b>16</b> |
| 3.2. Umhverfisfræða og umhverfisvitund .....     | 17        |
| <b>4. MENNING OG SAGA .....</b>                  | <b>20</b> |

# Framtíðarsýn Siglufirðinga

## INNGANGUR

Staðardagskrá er heildaráætlun Siglufjarðarkaupstaðar í samræmi við viðamikla framkvæmdaráætlun um sjálfbæra þróun sem gerð var á heimsráðstefnu sameinuðu þjóðanna í Brasilíu árið 1992. Áætlunin á að vera nokkurs konar lýsing á því hvernig samfélagið ætlar að tryggja komandi kynslóðum viðunandi lífsskilyrði á jörðinni. Eins og fram kom í fyrri verkefnistillögu, eru markmið verkefnis um Staðardagskrá 21 á Siglufirði sem hér segir:

Að móta framtíðarsýn og stefnu og skilgreina markmið og leiðir í þeim málaflokkum sem Staðardagskráin mun ná til.  
Að virkja íbúa, félagasamtök og fyrirtæki í starfinu með mjög markvissum hætti.

„Að skapa einingu um framtíðarsýn, þannig að sem flestum Siglufirðingum sé ljóst hvert bærinn vilji stefna til framtíðar.“

Þó svo að í Staðardagskrá 21 sé horft til langrar framtíðar, verður hvert sveitarfélag að byrja þar sem það er stadd í dag og færa þau málefni sem helst brenna á íbúum, til betri vegar. Lykilatriði í því er að efla trú íbúa á framtíðina, virkja þann kraft sem býr í fólki heima fyrir og leita raunhæfra lausna til að styrkja stöðu Siglufjarðar. Verkefninu sem hér er skilgreint er ætlað að skila þessari framtíðarsýn og krafti. Gengið er út frá því að virkja sem flesta og fá fram málefnalegar umræður um framtíð bæjarins.

Með því að hafa sjálfbæra þróun að leiðarljósi, verður sú stefnumótun sem fyrir liggur í lokin, að Staðardagskrá 21 fyrir Siglufjörð.

Upphafið að þátttöku Siglufjarðarkaupstaðar í Íslenska Staðardagskrár - verkefninu nær til ársins 1998.

Bæjarstjórn Siglufjarðar samþykkti á fundi sínum 14.júlí það ár að verða eitt af fyrstu sveitarfélögunum til að vinna að þessu verkefni.

Frá byrjun hefur stýrihópur verkefnisins verið tækni og umhverfisnefnd, og starfsmaður verkefnisins 1998-2003 var Hreinn Júlíusson starfsmaður á tæknideild.

Í byrjun nóvember 2001. heimsótti þriggja manna hópur norrænna fyrirlesara þrjú sveitarfélög á Íslandi og hélt fundi um Staðardagskrá 21. Ferðin var kostuð að norrænu ráðherranefndinni og skipulögð af svokallaðri smásamfélagsnefnd. Fundurinn hafði það að markmiði að kynna og ýta undir starf að Staðardagskrá 21 í fámennum norrænum samfélögum.

## Framtíðarsýn Siglufirðinga

Siglufjörður var eitt þeirra sveitarfélaga sem valið var til þátttöku í þessu verkefni.

Þátttaka almenning hefur verið töluverð á þessum tíma og um tíma voru m.a starfrækt hverfasamtök og var bænum skipt í tólf svæði. Almennigur hefur unnið við stöðumatið og fjölmargir hafa lesið yfir einstaka málaflokka..

Ólafsvíkuryfirlýsingin var samþykkt af bæjarstjórn 24. apríl 2002 Með því skuldbindur sveitarfélagið sig til að leggja sitt af mörkum til sjálfbærrar þróunar, meðal annars með því að virkja íbúa, félagasamtök og aðila í atvinnulífi til öflugrar þátttöku í verkefnum sem tengjast Staðardagskrá 21 og með því að hafa markmið um sjálfbæra þróun að leiðarljósi við gerð skipulagsáætlana, sem og við aðra ákvarðanatöku um málefni Siglufjarðar.

Vinnuhópur var settur á laggirnar í nóvember 2005 til að vinna að gerð stöðumats og framkvæmdaráætlunnar í staðardagskrá 21. Valinn var átta manna vinnuhópur .

**Í vinnuhópnum eru eftirtaldir aðilar : Arnar Heimir Jónsson, Jón Dýrfjörð, Marin Gústafsdóttir, Ómar Möller, Jónína Magnúsdóttir, Særún Þorlákssdóttir , María Elín Sigurbjörnsdóttir, Egill Rögnvaldsson og Örlygur Kristfinnsson.**

Staðardagskrá er ekki einkamál sveitarstjórna eða ákveðinna nefnda. Allir íbúar eiga að hafa tækifæri til að koma sjónarmiðum sínum á framfæri og vinna að framgangi þeirra í samráði við aðra íbúa Siglufjarðar.

Það er von okkar í vinnuhópnum að sem flestir íbúar, ungir sem aldnir komi á framfæri tillögum og sjónarmiðum sínum varðandi þessa áætlun. Þannig leggjum við öll okkar af mörkum til að skapa gott samfélag sem dafnar í sátt við náttúru landsins

F.h. vinnuhóps

**Arnar Heimir Jónsson  
Umhverfis og garðyrkjustjóri  
Siglufjarðarkaupstaðar.**

## **Fyrir hvað stendur Staðardagskrá 21? Dagskrá (áætlun) fyrir hvern STAÐ (sveitarfélag) um hvernig skuli stefna að sjálfbærri þróun á 21.öldinni.**

### **1. EFNAHAGUR; ATVINNU- OG BYGGÐAMÁL**

Atvinna Siglufirðinga hefur löngum byggst á sjósókn og vinnslu sjávarfangs, þar sem stór fyrirtæki hafa verið burðarásar í atvinnulífinu. Eftir aldamótin 2000 hafa miklar breytingar átt sér stað í þeim efnum og er mjög brýnt að heimamenn reyni að takast á við þann mikla vanda sem breytingunum fylgir.

Margir eru sammála um að leitað verði nýrra leiða í atvinnulífinu svo sem við veiðar og vinnslu sjávarafla og þjónustu við ferðamenn. Ferðaþjónusta er sú atvinnugrein sem vert er að skoða hér nánar og reyna að sjá fyrir hvað hægt er að gera til að laða að ferðamenn og skapa sem mesta atvinnu í kringum þá.

#### **1.1. Atvinnumál.**

Gera þarf markvissar áætlanir sem stuðla að fjölgun ferðamanna á svæðinu með það að markmiði að hámarka allan efnahagslegan, félagslegan og umhverfislegan ábata af ferðaþjónustunni. Afþreying er sá hluti ferðaþjónustunnar sem er líklega aðal drifkrafturinn og skapar áhugann til ferðarinnar.

Það má skipta afþreyingu fyrir ferðamenn í nokkra flokka s.s. skoðunarferðir bæði skipulagðar og óskipulagðar, íþróttatengda afþreyingu, afþreyingu á sviði menningar, á sviði byggingar og arkitektúrs, útivistar, kvöld- og næturlífs.

Ferðaþjónusta á Siglufirði og ein aðal afþreyingin fyrir ferðamenn hefur að miklu leyti byggst á Síldarminjasafninu, Síldarævintýrinu um verzlunarmannahelgina, Þæjumótinu og Þjóðlagahátíðinni sem er góður kjarni fyrir frekari uppbyggingu í ferðaþjónustu.

Á Siglufirði er mikil útgerð enda byggist afkoma íbúanna nær einvörðungu á henni og vinnslu aflans í landi. Stór sjávarútvegsfyrirtæki eru burðarásar í atvinnulífi staðarins, en það hefur breyst vegna breytinga á aflasamsetningu.

## Framtíðarsýn Siglufirðinga

Starfsemi önnur en fiskvinnsla er þó nokkur á Siglufirði. Þar er rekin steypustöð, brauðgerð, bifreiða-, dekkja-, véla-, trésmíða-, og rafmagnsverkstæði. Einnig eru starfandi nokkrir aðilar með sjálfstæðan rekstur vinnuvéla og vörubíla. Heilbrigðistofnun Siglufjarðar er einnig stór vinnustaður.

### MARKMIÐ

*Grundvallarsýn Staðardagskrá og um leið Siglufjarðarbæjar er að lífshættir, atvinnuhættir og áætlanir almennings, fyrirtækja og stofnana á Siglufirði sé í anda sjálfbærrar þróunar.  
Samanber Aðalskipulag Siglufjarðar.*

### LEIÐIR

#### Leið 2.1.1.

Hvað: Upplýsingaskiltum/fræðsluskiltum verði komið upp víðar um fjörðinn og bæinn.

Hver: Bæjartæknifræðingur og garðyrkjustjóri.

Hvenær: 2007

Hvað: Heimasíða bæjarins verði gerð aðgengilegri fyrir ferðamenn.

Hver: Bæjarráð

Hvenær: 2007

Hvað: Haldinn verði opinn fundur um atvinnumál

Hver: Bæjarráð og SSNV og Framfarfélagið Snorri Pálsson

Hvenær: 2006

Hvað: Siglufjörður verði markaðssettur sem ákjósanlegur staður til fuglaskoðunar.

## Framtíðarsýn Siglufirðinga

Hver: Bæjarráð .

Hvenær: 2008

Hvað: Aðilar hvattir til að versla í heimabyggð

Hver: Kaupmannafélag Siglufjarðar

Hvenær: 2006 og stöðugt í gangi

Hvað: Fyrirtæki verði hvött til að móta sér umhverfisstefnu

Hver: Umhverfis- og garðyrkjustjóri

Hvenær: 2007

### SAMGÖNGUR

Siglufjörður liggur nyrst á Tröllaskaga. Svæðið er innrammað af háum fjöllum Tröllaskagans og hafa samgöngur milli einstakra staða og Skagafjarðar og Eyjafjarðar markast mjög af því landslagi sem einkennir þetta landsvæði.

Árið 1946 var bílvegur lagður yfir Siglufjarðarskarð. Fram að því höfðu allir meiriháttar flutningar á fólki og varningi farið um sjóveg til og frá Siglufirði.

Vegurinn um Skarðið er nú orðið oftast ruddur um mitt sumar til umferðar fyrir ferðamenn.

Jarðgöng gegnum Strákafjall var opnuð 1967 og er vegurinn frá Ketilási er um 25 km langur að bæjarmörkum.

Í byrjun árs 2006 hófust aftur skipulagðar áætlunarferðir með rútu milli Sauðarkróks og Siglufjarðar.

Undanfarin ár hefur ekki verið flogið áætlunarflug til og frá Siglufirði og hefur flugvöllurinn verið opnaður ef um sjúkraflug er að ræða, og er mikilvægur að því leyti. Mikil breyting verður á samgöngum til og frá Siglufirði með tilkomu jarðganga milli Siglufjarðar og Ólafsfjarðar.

### MARKMIÐ

*Samgöngur stuðli að því að vera í sátt við umhverfið, með lágmarkskosnaði vegna eldsneytisnotkunar og að gera íbúum kleyft að ferðast um gangandi og hjólandi hluta ársins.*

# Framtíðarsýn Siglfirðinga

Leið 2.2.1.

Hvað: Námskeið um vistvænan akstur

Hver: Umhverfis- og garðyrkjustjóri

Hvenær: 2007

Hvað: Íbúar hvattir til hjóla og ganga í vinnuna.

Hver: Umhverfis- og garðyrkjustjóri

Hvenær: 2007

## 2. VISTKERFI; UMGENGNI UM AUÐLINDIR

### Náttúrufar

Siglufjörður er girtur bröttum blágrýtisfjöllum, um 7 km langur frá fjarðarmynni og inn að innstu fjöru. Þar taka við þrír dalir og er Hólsdalur þeirra mestur með nokkru undirlendi og grösugur.

Elsti hluti Siglufjarðarkaupstaðar stendur á allstórri en lágri eyri, Þormóðseyri. Við hana er einhver besta höfn landsins frá náttúrunnar hendi. Þar fer saman aðdýpi og gott skjól fyrir illviðrum.

Eitt helsta einkenni í náttúrufari Siglufjarðar er hið mikla og fjölbreytilega fuglalíf sem þar er. Milli 2000 og 3000 fuglar af 16-18 tegundum hafa verið taldir að jafnaði í Siglufirði í jólatalningu Náttúrufræðistofnunar. Enn fleiri tegundir teljast til siglfirskra varpfugla og hefur þeim fjölgað nokkuð sem reyna varp hvort sem þeir festa sig í sessi sem fastir varpfuglar eða ekki.

Leirurnar inn af höfninni eru flæðisandar og eru mjög mikilvægar fyrir lífríki fjarðarins. Með aðfalli berst þangað margskonar lífverur og eru þær ásamt smáverum í sandinum fæða margra fuglategunda. Sérstaklega er fjölbreytileikinn mikill á vorin og sumrin þegar hundruð/þúsundir? fugla vappa þar um í ætisleit.

Á nokkrum svæðum kringum Leirurnar, í mýrum, fjörum og tjarnabökkum hafa orðið til þéttsetin varplönd á síðustu 25 árum. Ætla má að 1980 hafi 50 kríur og 20-30 æðarfuglar verpt á svæðinu. Árið 1997 voru varpfuglarnir margfalt fleiri eða á.a.g. 500 kríupör og 750 æðarpör og 2005 má ætla að um 1100 æðarpör hafi verpt á svæðinu en kríuvarp hefur staðið nokkuð í stað.

Gengið hefur verið mjög á Leirurnar undanfarna áratugi með urðun úrgangs og uppfyllingu.

## Framtíðarsýn Siglufirðinga

Fáir eða engir þéttbýlisstaðir á landinu geta státað af slíkri „fuglaparadís“ svo fast við bæjardyrnar og er fólki til ánægju og yndisauka og getur haft aðdráttarafl fyrir ferðamenn.

Með þau sjónarmið að leiðarljósi voru Leirurnar friðaðar árið 1998 með sérstakri samþykkt á hátíðarfundum bæjarstjórnar þann 20. maí. Friðunin fól það í sér að hverfa frá fyrri áætlunum um uppfyllingu og henni yrði hagað þannig þær minnkuðu ekki meira en orðið er.

Skógræktin í Skarðsdal er nyrsta skógrækt á landinu. Mikið skógræktarstarf sem þar hefur verið unnið af fjölda Siglufirðinga á undanförunum áratugum hefur skilað rikulegum árangri með þessum fallega skógi.

Þessi vinalegi staður er vinsæll áningar- og útivistarstaður og er afar mikils virði fyrir Siglufjörð. Framundan er stækkun skógræktarinnar til suðurs inn Hólsdal með tilkomu samnings um landgræðsluskógrækt.

### MARKMIÐ

*Markmið er að auka fræðslu um náttúru og dýralíf á svæðinu og vernda viðkvæm svæði.*

Hvað: Friðun Leiranna verði skilgreind og unnið samkvæmt því.  
Hver: Tækni- og umhverfisnefnd.  
Hvenær: 2007

Hvað: Gerð verði áætlun um framtíðar malarnám á Siglufirði.  
Hver: Umhverfis- og tækninefnd.  
Hvenær: 2008

Hvað: Frágangur á malarnámum í Hólsdal.  
Hver: Umhverfis- og tækninefnd.  
Hvenær: 2009

Hvað: Íbúar verði fræddir um sérstöðu Leiranna  
Hver: Umhverfis- og garðyrkjustjóri.  
Hvenær: 2008

Hvað: Búin verði til aðstaða til fuglaskoðunar  
Hver: Umhverfis- og garðyrkjustjóri.  
Hvenær: 2009

# Framtíðarsýn Siglufirðinga

## STEFNA

Úr aðalskipulagi Siglufjarðar: Leitast er við að skapa áhugavert og framsækið sveitarfélag sem státar af heilsteypum bæ og einstakri umhverfismeðvitund

### 2.1. Orku- og vatnsnotkun

Vatnsveitan var tekin í notkun 1911 og mun vera ein sú elsta á landinu. Vatnsból er í Hólsdalnum. Þar er stífla sem heldur uppi jarðvatnshæðinni í eyrunum framan við stífluna. Allt vatn sem þaðan kemur er sandsíað.

Á milli vatnsbólsins og bæjarmarka er dælustöð sem dælir vatninu upp í miðlunargeymi í fjallinu ofan við Höfn. Gerðar hafa verið ráðstafanir til að tryggja að vatnið sé laust við alla gerlamengun.

## MARKMIÐ

Tryggt verði að allir íbúar hafi aðgang að heilnæmu neysluvatni.

## LEIÐIR

### Leið 3.1.1.

Hvað: Komið á innra eftirliti vatnsveitunnar  
Hver: Bæjartæknifræðingur  
Hvenær: 2006

Hvað: Vatnsbólið í Hólsdal verði girt af með varanlegri girðingu.  
Hver: Tæknideild  
Hvenær: 2007

Hvað: Fræðsla til íbúa og fyrirtækja hvernig draga megi úr vatnsnotkun

Hver: Tæknideild og umhverfis- og garðyrkjustjóri  
Hvenær: 2007

## 2.2. Fráveitur

Gerð hefur verið úttekt á stöðu fráveitumála í Siglufirði. Staðan er í stuttu máli óviðunandi vegna gerlamengunar í höfninni í Siglufirði. Útrásir eru átján talsins og uppfylla færstar þær kröfur sem gerðar eru til fágangs, dýpt miðað við meðalstórstraumsfjöru og lengd út frá meðalstórstraumsfjörumörkum. Ástand kerfisins má teljast þokkalegt.

Ekki er um aðskilið kerfi að ræða. Lagnakerfið flytur allt húsaskólp, afrennsli hitaveitukerfa, fráveituvatn frá iðnaði og ofanvatn. Töluverðu magni af lindarvatni og vatni úr fjallalækjum er veitt í lagnakerfið. Samkvæmt reglugerð um fráveitur og skólp á að vera búið að koma á fyrsta stigs hreinsun fyrir 2006 fyrir skólp og frárennsli.

Sumarið 2002 var hafin vinna við fyrsta áfanga á úrbótum á fráveitukerfi Siglufjarðar, Álalækjarræsið var endurýjað að hluta. Sumarið 2003 var ný útráslögn lögð í Gránugötu frá Lækjargötu að Tjarnargötu og til sjávar eftir Tjarnargötu og Aðalgötu.

Byggður var dælubrunnur efst í Gránugötu og frárennslisvatni dælt þaðan eftir nýju lögninni til sjávar. Með þessari aðgerð er búið að afleggja verstu útrásina, þar sem bæði gerla og sjónmengun hefur verið lang mest.

### Leið 3.2.1.

#### MARKMIÐ

Markmiðum reglugerða um fráveitur og skólp verði náð.

Hvað: Útrásur verði fækkað um helming fyrir árið 2010  
Hver: Bæjarráð  
Hvenær: 2010

## 2.3. Sorp

Á síðustu árum hefur orðið mikil þróun í úrgangsmálum, sérstalega hvað varðar endurvinnslu og endurnýtingu. Þegar lög um úrvinnslugjald tóku gildi í byrjun árs 2003 og úrvinnslusjóður var settur á laggirnar, var farið að leggja úrvinnslugjald á ákveðna vöruflokka til að skapa sem hagkvæmust skilyrði til meðhöndlunar úrgangs.

Á næstu árum munu æ fleiri hagrænir hvatar verða teknir upp til að koma upp skilvirku fyrirkomulagi á söfnun og endurvinnslu. Settar hafa verið upp reglur um aukna flokkun úrgangs sem koma munu til framkvæmda á næstu árum. Það er skylda hvers sveitarfélags að fylgja eftir þessum reglum.

Þá má búast við að í framtíðinni verði settar enn frekari kröfur á þessu sviði og jafnvel að málaflokkurinn útheimti meiri kostnað úr sveitarsjóði ef ekki verði breyting á núverandi framkvæmd við urðun sorps.

Í lögum og reglugerðum, eru lagðar sífellt þyngri kvaðir á sveitarfélög. Meðal annars þurfa sveitarfélögin að draga úr urðun lífræns úrgangs um 65% fram til ársins 2020 frá því sem það var árið 1995. Auk þessa eru kröfur sem snúa að raftækjum, hjólbörðum, umbúðaúrgangi og fleiru.

Siglufjarðarkaupstaður brenndi sorp í opinni sorppró til ársins 1996, en þá var samið við verktaka um að flytja heimilissorp til Sauðárkróks til urðunar. Bæjarstarfsmenn sjá um að safna sorpi frá íbúum einu sinni í viku og koma því í gáma á gámasvæði. Verktaki sér um að pressa ruslið og aka því í burtu.

Greitt er fyrir flutning á hvert kg og einnig er greitt urðunargjald á hvert kg. Stærri fyrirtæki eru sjálf með samning við sorphirðuverktakann, en mörg smærri fyrirtæki losa úrgang á gámasvæði sem er vigtað og greiða fyrirtækin samkvæmt gjaldskrá bæjarins.

Siglufjarðarkaupstaður gaf út bækling um flokkun á heimilisúrgangi í janúar 2004. Þar eru taldir upp þeir flokkar sem er endurvinnslufarvegur er fyrir. Á gámasvæðinu er tekið á móti notuðum kælitækjum og verktaki sér um að tæma freon af tækjunum, einnig dekkjum og ökutækjum. Einnota vörubretti hafa verið kurluð saman við garðaúrganginn.

Hægt er að skila pappír og fernum í gám á bensínstöðvar planinu. Spilliefnamótaka er í Áhaldahúsi.

Endurvinnslan á Akureyri tekur á móti spilliefnum, samsettum pappafernum, skilagjaldskyldum drykkjarumbúðum, dagblöðum og tímaritum.

Leið 3.3.1.

**MARKMIÐ**

## Framtíðarsýn Siglufirðinga

*Draga úr myndun úrgangsefna og vinna að endurnýtingu og endurvinnslu þar sem það er mögulegt.*

Hvað: Fundinn verði staður til að jarðgera garðaúrgang og hafist verði handa við að jarðgera megnið að þeim garðaúrgangi sem fellur til í bæjarfélaginu.  
Hver: Tæknideild og Umhverfis- og garðyrkjustjóri  
Hvenær: 2008

Hvað: Myndaður verði samráðshópur um jarðgerð með aðilum frá Húnaþingi vestra, Háskólanum á Hólum og Siglufjarðarkaupstað, sem taki saman kosnað við áframhaldandi urðun og beri saman við kostnað við brennslu og jarðgerð.  
Hver: Umhverfis- og garðyrkjustjóri  
Hvenær: 2006

Hvað: Siglufjarðarkaupstaður verði farinn að jarðgera 60% af þeim lífræna úrgangi sem fellur til frá heimilum árið 2009.  
Hver: Bæjarráð  
Hvenær: 2009

Hvað: Fjölgað verði grenndargámum fyrir fernur og blöð um tvo.  
Hver: Tæknideild  
Hvenær: 2006

Hvað: Kostir þess að flokka og endurvinna verði kynntir meira fyrir bæjarbúum.  
Hver: Umhverfis- og garðyrkjustjóri  
Hvenær: 2007

Hvað: Fjölgað verði úrgangsflokkum sem tekið er á móti (raftæki, garðaúrgangur og nytjahlutir.)  
Hver: Tæknideild og Umhverfis- og garðyrkjustjóri.  
Hvenær: 2007

Hvað: Fyrirtæki og íbúar verði hvött og frædd um hvernig draga megi úr því magni úrgangs sem fellur til hjá þeim.  
Hver: Tæknideild og Umhverfis- og garðyrkjustjóri  
Hvenær: 2008

## Framtíðarsýn Siglirðinga

**Hvað:** Árið 2016 verði allur lífrænn úrgangur sem fellur til í sveitarfélaginu jarðgerður og/eða endurnotaður og/eða nýttur einsog hagkvæmt er.  
**Hver:** Tæknideild og Umhverfis- og garðyrkjustjóri  
**Hvenær:** 2016

### 2.4. Efnanotkun og vörukaup

Öll innkaup og notkun á efnavörum verði í anda sjálfbærrar þróunar.

#### MARKMIÐ

Íbúar verði meðvitaðir um félagslega og umhverfislega þýðingu þess að kaupa vörur og þjónustu í heimabyggð. Allir íbúar verði meðvitaðir um vistvænar merkingar á vörum og hvaða þýðingu slíkar merkingar hafa, sama gildir um óþarfa umbúðir.

#### Leið 3.4.1.

**Hvað:** Siglufjarðarkaupstaður taki upp grænt bókhald. Það verði sjálfsagður hluti af starfsemi bókhaldsdeildar sveitarfélagsins. Þannig verði Staðardagskrá gerð gegnsæ með mælanlegum árangri. Mælt verði þætti einsog orkunotkun á hvern íbúa, fjölda bíla á íbúa, útstreymi CO<sub>2</sub> á íbúa, magn sorps á íbúa, magn urðaðs sorps á íbúa og hlutfall umhverfismerktra vara í búðum. Öðrum umhverfisvísnum verði bætt við eftir þörfum.  
**Hver:** Umhverfis- og garðyrkjustjóri  
**Hvenær:** Fyrir 2009

**Hvað:** Íbúar og fyrirtæki verði hvött til að kaupa umhverfismerkta vörur og jafnframt að draga úr notkun vara s.s. hreinsiefna. **Hver:** Umhverfis og garðyrkjustjóri  
**Hvenær:** 2007

### 2.5. Umgengni

Fjörumengun er meðfram strandlengjunni og er það fyrsta verk vinnuskólans á vorin að tína rusl þar. Þegar snjóá leysir kemur í ljós alls lags rusl í bæjarlandinu. Sjónmengun er mikil í Hólsdalnum, þar má sjá leifar af gamalli vinnuvél, vinnuskúr og öðru drasli. Einnig er landið þar eitt flakandi sár eftir malarnám sem staðið hefur í nokkra áratugi.

## Framtíðarsýn Siglufirðinga

Vinnuskóli sér um viðhald opinna svæða á sumrin og garðaúrgangi er safnað saman til jarðgerðar. Einnig sjá starfsmenn bæjarins um reglulega hreinsun á garðaúrgangi frá einkalóðum yfir sumartímann.

Í Héðinsfirði er töluverð sjónmengun meðfram ströndinni og einnig á Siglunesi, þar eru gamlar vinnuvélar frá því búskapur var stundaður .

Töluvert rusl er við hús sem ekki er búið í og einnig við nokkur fyrirtæki í bænum. Gert hefur verið átak í að hvetja fólk til að laga til í kringum sig og hefur bærinn tekið nokkrum stakkaskiptum á undanförnum árum.

### MARKMIÐ

Siglufjarðarkaupstaður sé ávallt snyrtilegur fyrir íbúa og ferðamenn

### Leið 3.5.1.

**Hvað:** Gerð verði útekt á mögulegum úrbótum til að draga úr sjónmengun og helstu uppsprettum mengunar á Siglufirði, ma annars verði leitað til íbúa um ábendingar. Umhverfis og tækninefnd ásamt starfsmönnum Siglufjarðarkaupstaðar boði fundi með íbúum þar sem íbúum gefst kostur á að koma með ábendingar um hvað betur má fara. Í framhaldi verði úrbætur unnar með samstilltu stórátaki í hreinsun og fegrun umhverfissins. Að átakinu komi íbúar,félagsamtök og bæjarstarfsmenn.

**Hver:** Bæjarráð

**Hvenær:** Lokið 2008

**Hvað:** Íbúar og fyrirtæki verði hvött með árlegu átaki bæjarins til að taka til í kringum sig.

**Hver:** Tæknideild

**Hvenær:** Á hverju ári.

**Hvað:** Íbúar og fyrirtæki verði hvött með árlegu átaki bæjarins til að taka til í kringum sig.

**Hver:** Tæknideild

**Hvenær:** Á hverju ári.

### 3. SAMFÉLAG; SAMFÉLAGSVITUND

## Framtíðarsýn Siglufirðinga

Allt frá árinu 1950 hefur íbúum farið fækkandi með nokkrum undartekningum, þar sem í nokkur ár fjölgaði fólki eða íbúatala stóð í stað. Þessum vanda hefur verið reynt að mæta með ýmsum hætti að hálfu bæjarstjórnenda og forráðamönnum í atvinnulífi staðarins. Þrátt fyrir það virðist ekki verða séð fyrir endann á þeirri óheilla þróun. Innri vörn samfélagsins eða hinna almennu íbúa hefur verið margskonar fjölbreytileg félags- og menningarstarfsemi.

Mikilvægt er að skapa vettvang til umræðu um þennan samfélagsvanda okkar þar sem hinni almenni borgari legði sitt að mörkum í því að koma með hugmyndir til að bæta samfélagið.

### MARKMIÐ

Siglufjarðarkaupstaður bjóði upp á góð lífskilyrði og laði þannig fólk að til búsetu og Staðardagkrá 21 fyrir Siglufjarðarkaupstað sé í virkri notkun.

#### 3.1. Gott samfélag

Á Siglufirði er félagslíf nokkuð blómlegt. Má þar nefna t.d Kvenfélag, Kiwanis, Lions. Kóra, Ungmenna og Íþróttafélög, sjálfsbjörg, ferðafélag, framfarafélag, bridge klúbbur, sjóstangveiðifélag, sögufélag og mörg fleiri félög. Virkni íbúa er nokkuð mikil í félagstarfi enn var þó meiri á árum áður þegar íbúafjöldi var meiri.

### MARKMIÐ

Að á Siglufirði sé öflugt félagslíf og virkni íbúanna sé góð í því. Með því er stuðlað að líflegu samfélagi, sem er sjálfbært í félagslegu tilliti.

### LEIÐIR

#### Leið 4.1.1.

## Framtíðarsýn Siglfirðinga

**Hvað:** Íbúðing verði haldið á vegum félaga í bænum þar sem fólk geti tjáð sig um það sem hægt er til að gera samfélagi enn betra

**Hver:** Bæjarráð

**Hvenær:** 2006

**Hvað:** Íbúðing á vegum bæjarráðs um Staðardagskrá 21

**Hver:** Bæjarráð

**Hvenær:** 2006

**Hvað:** Kynning til íbúa á félagstarfi sem er í boði og þeir hvattir til að taka þátt.

**Hver:** Bæjarráð - Félagsmálastjóri

**Hvenær:** 2007

### 3.2. Umhverfisfræða og umhverfisvitund

Umhverfisnefnd var stofnuð haustið 2005 í báðum skólahúsum grunnskólans.

#### Fulltrúar yngra stigs í umhverfisnefnd:

- 3. bekkur    Viktor Daði Sævaldsson  
              Til vara – Sýlvía Ósk Halldórsdóttir
- 4. bekkur    Helga Eir Sigurðardóttir  
              - Rebekka Rut Ingvarsdóttir
- 5. bekkur    Bjarni Mark Antonsson  
              - Hildur Örlygsdóttir Ægír Örn Arnarson
- 6. Y            Pálína Ósk Kristinsdóttir  
              - Guðrún Ósk Gestsdóttir
- 6. X            Soffía Adda Guðmundsdóttir  
              - Aðalsteinn Ragnarsson

Tilgangur umhverfisnefnda við skólann er að skipuleggja og stýra verkefninu Grænfáni. Í nefndinni sitja fulltrúar nemenda, kennara, ræstingafólks, umsjónarfólks, foreldra og stjórnenda skólans. Nefndin á

## Framtíðarsýn Siglufirðinga

að starfa samkvæmt lýðræðislegum leikreglum og nemendur eiga að hafa þar mikið vægi.

Mikilvægt er að nefndin haldi reglulega fundi, þar séu skráðar fundargerðir og séð til þess að nemendum sé leiðbeint um hlutverk sitt sem fulltrúar samnemenda sinna við stjórnun skólans hvað umhverfisstefnu varðar.

Þannig gegnir umhverfisnefndin mikilvægu hlutverki í kennslu í lýðræðislegum vinnubrögðum og lífsleikni.

**Á skólaárinu 2005-2006 er þetta gert:**

- fernum safnað til endurvinnslu
- ljósritað báðum megin
- lífrænum úrgangi safnað til moltugerðar og ætlunin er að safna honum á ákveðinn stað í firðinum svo að börnin átti sig á gagnsemi þess
- allur pappír fer í endurvinnslu í gám við bensínstöð
- ný tæki (ljósritunarvélar og prentari) sem keypt voru til skólans eru umhverfisvæn
- hvatningu og upplýsingum miðlað um þetta til bæjarbúa í bæjarblaðinu Hellunni

**Á áætlun í vetur:**

- fylgjast með pappírsmenningu
- allir nemendur fá kennslu í umhverfismennt
- óska eftir skilti við skólann þar sem hvatt er til að drepa á bifreiðum
- hafa þemadaga að vori um umhverfismál
- hafa hreinsunardag vor og haust

Leikskólinn Leikskálar er búin að sækja um Grænfánann.

Starfsmenn hafa kynnt sér umhverfismennt í öðrum leikskólum og grunnskóla Siglufjarðar.

### Umhverfisstefna Leikskála.

Skipulagsdaginn í febrúar 2006 nýtti starfsfólkið daginn í að endurmeta og marka stefnu í umhverfis og náttúruverndarmálum fyrir leikskólann. Verið er að gera ýmislegt gott í þeim málum eins og að safna fernum, flöskum, flokka spilliefni og pappír og farið er með þetta á viðeigandi staði. En markmiðið er að gera gott betur. Leikskólinn hefur gengið til liðs við „Skóla á grænni grein“ og stefnt er að því að sækja um Grænfánann sem er umhverfismerki sem nýtur virðingar víða í Evrópu sem tákni um góða fræðslu og umhverfisstefnu í skólum.

Þetta er langtímaverkefni og þarf að fara í gegnum sjö stig til að ná því markmiði. Starfsfólk leikskólans ætlar að gefa sér góðan tíma í þetta eilífðarverkefni og taka það stig af stigi.

**Þau markmið sem sett voru núna eru:**

## Framtíðarsýn Siglufirðinga

- Að kaupa umhverfisvænar vörur.
- Að minnka vatns- og orkunotkun.
- Að flokka og endurvinna.
- Að halda áfram að efla umhverfisvitund .

Brot úr Skólanámskrá Leikskála útgefin 2003 bls. 13 varðandi umhverfisvitund.

*Markmið er að hjálpa börnunum að skilja að það er tenging á milli þess hvernig við göngum um náttúruna í dag og lífsafkomu okkar síðar meir. Því er mikilvægt að börnin læri að bera virðingu fyrir náttúrunni og ekki síður að njóta hennar. Markmiðið er að börnin kynnist nánasta umhverfi, dýra- og plöntulífi og margbreytileika náttúrunnar.*

### Í umhverfisnefnd skólans sitja:

Vibekka Arnardóttir,  
Særún Þorláksdóttir og fyrir hönd foreldra  
Arnar Heimir Jónsson og  
Elín María Sigurbjörnsdóttir.

Starfsfólk leikskólans væntir góðs samstarfs við foreldra í þessum málum sem og öðrum í því að vinna að þessum markmiðum:

- Drepa á bílvelunum þegar komið er með börnin í skólann
- Koma með notaðan plastpoka eða taupoka að heiman fyrir blautu og óhreinu fötin
- Ef þið lumið á skemmtilegum efnivið eða verðlausu efni hafið þá samband við okkur. Kannski getum við nýtt það.

Leiðir að þessum markmiðum er í vinnslu og því ekki tilbúnar til dreifingar

### MARKMIÐ

Siglufjarðarkaupstaður leggur áherslu á að miðla og auka þekkingu á mikilvægi umhverfismála í almennum lífsháttum. Íbúar og aðrir áhugasamir skulu hafa aðgang að upplýsingum og möguleika á þáttöku í ákvörðunum varðandi umhverfi sitt. Mótuð skal heildarstefna í umhverfisfræðslu fyrir skóla, starfsmenn bæjarins og íbúa.

### MARKMIÐ

Fullkominn skilningur verði á því að mannauðurinn sé okkar mesta auðlind enda mun verða mikil rækt við börnin og unglिंगana og þeim og öðrum hjálpað til að ná sem mestum árangri, sér og samfélaginu til mestra hagsbóta.

# Framtíðarsýn Siglufirðinga

Leið 4.2.1.

**Hvað:** Reglulega verði haldinn námskeið fyrir almenning um umhverfismál  
**Hver:** Bæjarráð  
**Hvenær:** 2007 og reglulega eftir það

**Hvað:** Haldin verði námskeið fyrir starfsfólk bæjarins um umhverfismál (vistvæn innkaup, umhverfisstjórnun, grænt bókhald o.s.frv.)  
**Hver:** Bæjarráð  
**Hvenær:** 2007 og reglulega eftir það

**Hvað:** Bæjarfélagið gerist aðili að verkefninu Vistvernd í verki.  
**Hver:** Bæjarráð  
**Hvenær:** 2007

**Hvað:** Árlega verði haldinn bíllaus dagur í sveitarfélaginu og bæjarbúar hvattir til að hjóla eða ganga í vinnuna. Bæjarstjórn og bæjarstarfsmenn verði góð fyrirmynd. Einnig verði þennan dag í samstarfi við Skógræktarfélag Siglufjarðar gróðursett jafn mörg tré og fjöldi bíla í bæjarfélaginu (vistvæn innkaup).  
**Hver:** Bæjarráð  
**Hvenær:** 2007 og reglulega eftir það

## 4. MENNING OG SAGA

Um miðja 20.öldina var Siglufjörður ein mikilvægasta höfn landsins og nokkrum sinnum fór síldarútflutningur frá Siglufirði yfir 20% af árlegum útflutningi landsmanna og þar ríkti gullgrafarastemning. Hér voru að jafnaði starfræktar 20-25 söltunarstöðvar og 3-5 bræðsluverksmiðjur.

Menn komu og fóru, ýmist vellauðugir eða blásnauðir og verkafólk í tugþúsundatali sótti hingað atvinnu. Í brælum lágu hér hundruð síldarskipa af mörgu þjóðerni og fólksmergðin í bænum var stundum eins og á strætum stórborga. Á 6. áratugnum fór íbúunum að fækka vegna síldarleysis, en þótt vel rofaði til í veiðum um og eftir 1960, þá var skammt að bíða þess að áfallið dundi yfir Siglufjörð. Sumarið 1964 var síðasta síldarsumarið á Norðurlandsmiðum og 1968 var síldarævintýrinu endanlega lokið. Árið 1994 var Síldarminjasafnið opnað til minningar um þennan stórkostlega tíma um sögu síldarútvegsins á Íslandi.

Á árunum 1971-73 var atvinnulífina komið í sæmilega gott horf er útgerðarfyriertækinu þormóði ramma var komið á fót með tilstyrk ríkisvaldsins. Líklega voru ráðamenn með því að greiða Siglufirði skuld frá fyrri áratugum aldarinnar er staðurinn var ein helsta gullkista

## Framtíðarsýn Siglufirðinga

Þjóðarbúsins. Skuttogaraútgerðin blómstraði, og stórfelld þorskvinnsla var stunduð í frystihúsum staðarins og mikil loðna var brædd ár eftir ár í stærstu fiskimjölsverksmiðju landsins, gömlu síldarbræðslunni. Eftir 1990 jókst mjög útgerð rækjuveiðiskipa frá Siglufirði og við lok 19. aldar hefur rækjan tekið við af þorski í landvinnslu frystihúsanna

Eitt af meginmarkmiðum Siglufjarðarkaupstaður er að vernda menningar og náttúruminjar og sérkenni bæjarfélagsins. Verndun mannvirkja og náttúru- og menningarminja er liður í að varðveita og segja sögu bæjarins. Verndun byggir á þrenns konar grunni: Bæjarvernd (hverfisvernd), sem byggir á nýju ákvæði í skipulags- og byggingarlögum, friðun eða friðlýsingu samkvæmt náttúruverndarlögum og friðlýsingu samkvæmt þjóðminjalögum. Í Siglufirði eru engar friðlýstar náttúruminjar en Tröllaskaginn er á Náttúruminjaskrá.

### MARKMIÐ

Allt sem telst vera menningarminjar verði skrásett og lögð verði áhersla á að fullt tillit verði tekið til skrásetningarinnar við ákvarðanatöku.

#### Leið 4.3.1.

**Hvað:** Sögur sem tengjast menningarminjum skrásettar  
**Hver:** Bæjarráð  
**Hvenær:** 2008

**Hvað:** Örnefnaskrá og fornminjaskrá verði til fyrir allt sveitarfélagið.  
**Hver:** Bæjarráð  
**Hvenær:** 2008

**Hvað:** Gömul hús verði vernduð samkvæmt húsfriðunarskrá, þannig að þau séru ávallt til fyrirmyndar.  
**Hver:** Bæjarráð  
**Hvenær:** 2007

**Hvað:** Gönguleiðir, stofnanir, hús og merkilegar jarðmyndanir o.fl verði merkt. Hatt verði til frekari merkingu gönguleiða á vegum sveitarfélagsins og Ferðafélags Siglufjarðar.  
**Hver:** Bæjarráð og Ferðafélag Siglufjarðar

## Framtíðarsýn Siglfirðinga

Hvenær: 2008

**Hvað:** Rústir Evanger verksmiðjunnar á Staðarhóli verði merktar, og gönguleiðin þangað verði sett á bækling. Svæðið verði kynnt sem ákjósanlegur staður til gönguferðar. M.a í beinu framhaldi af heimsókn í Síldarminjasafnið. Gerð verði lagfæring á múrsteinshleðslum verksmiðjunnar.

Hver: Bæjarráð

Hvenær: 2017